

IV. OPNUNARGJALD

182

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrir en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

15. okt.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Gjöld samkvæmt D-lið I. kafla gjaldskrárinnar breytast með kolaverði, þannig að gjaldskrárverðið teljist svara til 400 króna útsöluverðs á kolum á Húsavík og hækki og lækka í sama hlutfalli og útsöluverð kola í bænum.

VI. HEIMILD TIL BREYTINGA

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur, nr. 90 13. júlí 1948.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. október 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

183

fyrir eftirtalda flugvelli og sjóflughafnir:

18. okt.

Akureyrarflughöfn, Akursflugvöll, Egilsstaðaflugvöll, Fagurhólsmýrarflugvöll, Hornafjarðarflugvöll, Ísafjarðarflughöfn, Melgerðisflugvöll, Reyðarfjarðarflughöfn, Sauðárkróksflugvöll og Vestmannaeyjaflugvöll.

1. gr.

Fyrir lendingar á landi eða sjó skal greiða kr. 3.00 á hverja smálest flugvélarinnar fullhlaðinnar, allt að 20 smálestum, en kr. 1.50 á hverja smálest, sem þar er fram yfir. Hluti af smálest reiknast sem neil lest. Minnsta gjald er kr. 10.00.

2. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. október 1951.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.